

1871.
15. júní.

hefir ekki sjálfur efni til að kaupa þau, og hefir umboðsmaðurinn mælt fram með þessu. Um þetta efni hefir amtið getið þess, að það mundi ábatasamast fyrir hið opinbera, að taka húsin, sem eru nauðsynleg fyrir jörðina, og samkvæmt skoðunargjörð, sem fram hefir farið, eru metin uppá 150 rd., af þeirri ástæðu að hús þessi, sem hinn fyrri leiguliði hefir byggt, þá er þessi jörð var skilin frá jörðunni Klausturseli, að öðrum kosti mundu rifin, og jörðin yfirgefin, og þá mundi litlar líkur til, að jörðin yrði byggð nokkrum, og væri hætt við, að hið opinbera hefði í mörgum greinum skaða af þessu. Jafnframt og þess er getið, að afgjaldið af jörðunni, er hun var byggð út í fyrsta skipti, var 30 álnir á ári, en að amtmaður Havstein gagnstætt tillögum hlutadeiganda umboðsmanns hækkaði afgjaldið til 50 álna, þegar jörðin var byggð þeim leiguliða, sem nú situr á henni, hefir amtið stungið upp á, að verja megi 150 rd. úr umboðssjóðnum til þess að kaupa húsin, og að enn fremur verði lagt til jarðarinnar $\frac{1}{2}$ kúgildi eða 3 ær, sem mundi kosta 20 rd., en þá mundi afgjaldið af jörðunni geta orðið 50 áln., og leigan 10 áln., eða í peningum 15 rd. á ári, þegar hver meðalalin er talin 24 sk.

Útaf þessu gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar, þannig, að ábúandinn taki við húsunum, haldi þeim við og skili þeim aptur í fullu standi, og skal hann gjalda í landskuld 50 áln., og í leigu 10 áln.

44. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skuldir umboðsmanns Sveins Þórarinssonar.¹

16. júní.

Með bréfi 28. febr. þ. á. hefir amtið sent hingað aðalreikning yfir protabú umboðsmanns Sveins heitins Þórarinssonar, og sèst af honum, að skuldakröfur hins opinbera í búinu verða borgaðar

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 76.

Tíð. um stjórnarmál. III.

1871.
16. júní.

með jarðarpörtum þeim, sem settar voru að veði fyrir kröfunum, nema 5 rd. til Möðrufells spítala, sem hlutaðeigandi borgunarmaður mun greiða. Jafnframt þessu hefir amtið farið þess á leit, að nokkrir af hinum fyrri eigendum að þessum jarðarpörtum, sem hið opinbera hefir tekið við, fyrir 1625 rd. í allt, hafi borið upp þá spurningu, hvort þeim leyfðist að leysa aptur jarðirnar, og hefir amtið, sökum þess, að það er miður hagfellt fyrir hið opinbera, að eiga þess konar jarðarparta, sem síður verða byggðir mönnum sérstaklega hver um sig, og sökum þess, að það þykir sanngjarnt, að þeir, sem hafa gengið í borgun fyrir Svein Þórarinsson, hafi sem minnstan skaða af því, stungið upp á, að því sé veittur myndugleiki til að láta tæða jarðarparta af hendi við borgunarmennina eða börn þeirra fyrir svo mikið, sem hæst var boðið í þá við uppboðið, sem haldið var fyrir hönd rikissjóðsins, með því skilyrði, að kaupendur þegar borgi $\frac{2}{5}$ af andvirðinu, og gefi skuldabréf fyrir hinum $\frac{3}{5}$ pörtunum með fyrsta veðrætti í jarðarpörtunum, greiði í vöxtu 4 rd. af hundraði á ári, og borgi $\frac{1}{10}$ part af skuldinni í gjalddaga í júnímánuði hvers árs.

Útaf þessu gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér gjörð þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið fellst á uppástungu amtsins, þannig, að skuldabréfin skuli hljóða uppá dómsmálastjórnina fyrir hönd þess opinbera.

Um þær ráðstafanir, sem gjörðar verða í þessu efni, býst stjórnarráðið við skýrslu frá yður.

16. júní.

45. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um kvartanir yfir skemmdum á eggvarpi í Grundarfirði.

Útaf bænarskrá, sem þér, herra amtmaður, hafið sent hingað með bréfi 29. janúar þ. á., þar sem Helgi prestur Sigurðsson að Setbergi í Snæfellsnessýslu ber sig upp undan því, að frakkneskir fiskimenn hafi gjört óspektir, og einkum undan því, að skipverjar